

Fundur Ráðgjafaráðs Hafnarfjarðar
3.október 2019
Kl.15.30 - 16.30

Skerseyri
Strandgötu

Mætt eru: Elísabet, Þórarinn, Kristjana, Jóna
Fyrir hönd fjölskyldu og barnamálasviðs: Sóley Jónsdóttir ritari fundarins

Umfjöllun um starfsleyfi: Ráðgjafaráðið fékk umsókn um starfsleyfi Sinnum til umfjöllunar frá Gæða og eftirlitsstofun. Engin athugasemd var gerð við samþykkt starfsleyfis.

Ósýnileiki ráðgjafaráðsins: Elísabet og Jóna fóru á fund fjölskylduráðs og þar var rætt um að ráðgjafaráðið mætti vera sýnilegra á heimasíðu bæjarins. Fjölskylduráð tók vel í það. Einnig ræddu þær um peninga sem áttu að vera eyrnamekt aðgengismálum. Hugmynd að ráðgjafaráðið verði staður þar sem forráðamenn og fatlaðir einstaklingar geti sótt sér aðstoðar og ráðgjöf um ýmis mál. Athuga með að ráðgjafaráðið fái tölvupóstfang þannig að auðveldara verði að ná til þeirra og það verði á heimasíðu bæjarins.

Aksturþjónustan: Elísabet upplýsti um stöðuna í nefndinni um aksturmálin. Ennþá er verið að undirbúa útboðið. Þetta verður tekið upp síðar aftur.

Búsetan: staðan er sú að Arnahrauni er orðið fokhelt og teknin var skóflustunga í síðustu viku á Ölduslóð. Ef byggt verður á Smyrlahrauni þá hefur ráðgjafaráðið áhuga á að koma að skipulagningu á kjarnanum þar.

Aðgengismál: Fjármagn virðist ekki vera eyrnamerkt aðgengismálum eins og talað var um í upphafi. Laga þarf lágu staurana og grjótin sem eru við Strandgötuna og Fjörðinn hættuleg blindum og sjónskertum.

Hugmynd að málum fyrir næstu fundi:

- Fara yfir reglur og hlutverk ráðgjafaráðsins
- Fara í heimsókn í Geitungana og fá kynningu hjá þeim

Næsti fundur verður þann 7.nóvember 2019. kl.15.30 - 16.30